

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Van Eyck, O 293, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgisjórð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 35/1955. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Kamiel Puystjens (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á varðskipinu hinn 14. janúar 1955 í sambandi við töku togara ákærða:

1. Kl. 0356 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 343°, fjarlægð 2.6 sjómílur. Togarinn miðast 67° réttvísandi í 3.7 sjómílna fjarlægð.

2. Kl. 0408 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 302°, fjarlægð 3.4 sjómílur. Miðast togarinn þá í réttvísandi 64°, fjarlægð til hans 1.9 sjómílur. Notað var við mælingarnar ratsjá og gíróáttaviti.

3. Kl. 0845 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við ljósduflið, er varðskipið hafði sett út, eftir að það kom að togaranum:

Ingólfshöfðaviti	> 40° 12'
Hofsfall	> 61° 01'
Fellsfall	

Dýpi mældist 52 metrar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði tog-

ara ákærða samkvæmt framangreindum mælingum yfirmanna varðsupsins. Samkvæmt staðarákvörðuninni, er gerð var kl. 0356, reyndist togarinn vera 0.9—1.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðarákvörðun kl. 0408 reyndist togarinn vera um 0.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður dufslins samkvæmt mælingu kl. 0845 vera um 0.5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kamiel Puystjens, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Kamiel Puystjens, skipstjóra á belgíska togaranum Gabrielle Raphael, O 324, frá Ostende, til heimilis að Ostende í Belgíu. Samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, ákærast hann fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á togara sínum Gabrielle Raphael, O 324, aðfaranótt föstudagsins 14. þ. m. suðaustur af Ingólfshöfða, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna samkvæmt markalínu nefndrar reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafizt, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, upp-töku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Ákærði, Kamiel Puystjens, er fæddur 21. júní 1916 í Oostduinkirke í Belgíu, og hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina.

Aðfaranótt föstudagsins 14. þ. m. var varðskipið Ægir statt út af Ingólfshöfða og lét reka. Klukkan 0337 sáu varðskipsmenn to-gara, sem þeir töldu, að væri innan fiskveiðitakmarkanna, og hélt varðskipið í átt til hans. Voru á leiðinni gerðar mælingar með rat-sjá og gíróáttavita, og sýndu þær mælingar, að togarinn væri inn-an fiskveiðitakmarkanna. Kl. 0419 var skotið púðurskoti og stöðv-að við togarann kl. 0420. Reyndist þetta vera togarinn Gabrielle Raphael, O 324, frá Ostende. Var togarinn að toga með stjórnbörðs-vörpu í sjó. Klukkan 0421 var aftur skotið púðurskoti og jafnframt sett út ljósdufl. Stöðvaði togarinn þá og fór að draga inn vörpu sína. Skipstjóri togarans var sóttur, en ákveðið að bíða birtu til að gera nákvæma staðarákvörðun með hornamælingum. Skipstjóri togarans kvað það óviljaverk, ef hann væri innan fiskveiðitak-markanna, og kvaðst vera með bilaðan dýptarmæli. Kvaðst hann hafa togað í misvísandi A að S síðasta hálfa klukkutímann, áður en hann var stöðvaður.

Kl. 0845 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við ljósduflið:

Ingólfshöfðaviti	
Hofsfall	> 40° 12'
Fellsfall	> 61° 01'

Dýpi var 52 metrar, og gefur það stað duflsins, þar sem togarinn var stöðvaður, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, en við fyrstu athugun með ratsjánni og gíróáttavita mældist togarinn vera um eina sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Skipstjóra togarans, ákærða í máli þessu, var nú sýnd staðarákvörðun við duflið og hon-um boðið að gera hornamælingar, en hann færðist undan því og mótmælti ekki mælingum varðskipsforingjanna.

Hornamælingarnar voru gerðar af I. og II. stýrimanni varðskips-ins undir umsjá skipherra, og hafa þeir staðfest skýrslu sína og mælingar hér fyrir dómi.

Ratsjárathugun var framkvæmd af III. stýrimanni, sem einnig staðfesti skýrslu sína og mælingar fyrir dómi.

Ákærði hefur fyrir dóminum jatað skýrslu varðskipsmanna rétta og viðurkennt að hafa verið að fiska með botnvörpu innan fisk-veiðitakmarkanna á þeim stað, sem varðskipið kom að honum og ljósduflið var sett út. Skýrði ákærði frá því, að það eina siglingar-tæki, sem hann hafði til þess að treysta á, dýptarmælir, hafi verið

bilaður og af þeim ástæðum myndi hann hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna, en að það væri óviljaverk.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja sannað, að ákærði hafi aðfaranótt 14. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Gabrielle Raphael, O 324, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur því ákærði gerzt brotlegur gegn 1. gr. nefndrar reglugerðar og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. hennar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingabréfi togarans, sem sýnt var í dóminum, var brúttórúmllestastærð hans 141.39, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dagsettu í dag, er gengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Gabrielle Raphael, O 324, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Kamiel Puystjens, greiði 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Gabrielle Raphael, O 324, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
